

## ✉ Re: ósk um umsögn á tillögur

Búið til	2.7.2020 14:40:34
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	2.7.2020 14:40:34
Tilheyrir	📁 202005-0002 - Örylgshafnarvegur. Breyting á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018- Skipulags- og matslýsing

### Efni

Re: ósk um umsögn á tillögur
------------------------------

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	2.7.2020 14:40:34	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	oskar@landmotun.is

### Innihald

<p>Tilvísun í málsnr. 202005-002 (TB)</p> <p>Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Vesturbyggð, dags. 29. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um um breytingu á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 og breytingu á deiliskipulagi Látrabjargs vegna nýrrar legu Örylgshafnarvegur um Hvallátur.</p> <p>Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið. Stofnunin hefur fengið framangreint mál til umsagnar bæði vegna matsskyldu fyrirspurnar og vegna skipulags- og matslýsingar og einnig vann stofnunin að úttekt á gróðurfari og fuglalífi vegnar fyrirhugaðrar veglínu. Sjá m.a. meðfylgjandi umsagnir stofnunarinnar. Eins og kemur fram í erindinu hefur framkvæmdin verið tilkynnt til Skipulagsstofnunar vegna ákvörðunar um matsskyldu. Þegar sú afgreiðsla liggur fyrir þarf væntanlega að aðlaga skipulagstillögurnar að þeirri ákvörðun hver sem hún verður.</p> <p>Rétt er að benda á að í töflu á bls. 10 og 11 í greinargerði með deiliskipulagi virðist sem sömu viðmið séu talin upp bæði fyrir jarðmyndanir og landslag og gróðurfar og fuglalíf, þetta þarf að laga. Einnig er vísað í 37. gr. laga um náttúruvernd fyrir jarðmyndanir sem líklega á að vera 61. gr. en sú grein á einnig við um votlendi/mýrar.</p> <p>Eins og málið liggur fyrir í dag telur Náttúrufræðistofnun að þau gögn sem varða hlutverk stofnunarinnar séu komin fram í málinu og sér því ekki ástæðu til að gera athugasemdir við framangreindar tillögur umfram það sem þegar er komið fram. Stofnunin ítrekar að öllu raski verði haldið í lágmarki á viðkomandi svæði og vandað til alls frágangs vegna fyrirhugaðrar vegagerðar.</p> <p>Virðingarfyllt,</p>
--

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



#### „Umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulags- og matslýsingu dags. 2. júní 2020:

Tilvísun í málsnr. 2020050002 (TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Vesturbyggð, dags. 4. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu vegna breytingu á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 vegna legu Örylgshafnarvegur um Hvallátur.

Náttúrufræðistofnun hefur áður sent inn ábendingu um texta við mynd 3 í lýsingunni, sjá meðfylgjandi tölvupóst hér að neðan. Náttúrufræðistofnun sér ekki ástæðu til að gera aðrar athugasemdir við framangreinda lýsingu en vísar í skýrslu Vegagerðarinnar ásamt viðaukum, „**Kynning framkvæmda, Örylgshafnarvegur (612-03/04) Um Hvallátra í Látravík, Vesturbyggð, apríl 2020.**“ og umsögn Náttúrufræðistofnunar við hana, sjá meðfylgjandi umsögn.

#### Umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsskyldufyrirspurn dags. 18. maí 2020:

Tilvísun í málsnr. 2020040040 (BK, RT, TB)

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 29. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd við Örylgshafnarveg um Látravík í Vesturbyggð skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Um er að ræða 1,75 km veglínu sem liggur um svæði á náttúruminjaskrá nr. 307 og nýtur hverfisverndar. Rétt er að taka fram að Náttúrufræðistofnun vann skýrslu um gróðurfar og fuglalíf á framkvæmdasvæðinu fyrir Vegagerðina.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda tilkynningu, ásamt viðaukum, og telur að í henni komi fram allar nauðsynlegar upplýsingar um framkvæmdina og þau áhrif sem hún kann að hafa á þá þætti sem eru á verksviði Náttúrufræðistofnunar. Stofnunin telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við þau atriði í skýrslunni sem snúa að úttekt stofnunarinnar þ.m.t. niðurstaðna og ábendinga s.s. um mögulega tilfærslu á veglínunni, vegna rituflugs, sem fjallað er um í tilkynningunni.

Um er að ræða tiltölulega stuttan vegkafla, vissulega á viðkvæmu svæði, þar sem öll nauðsynleg gögn liggja fyrir og ekki margir veglínukostir í stöðunni. Náttúrufræðistofnun telur ekki, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að nýr vegur, eins og honum er lýst í tilkynningunni og að teknu tilliti til 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, muni valda umtalsverðum umhverfisáhrifum. Mikilvægt er á þessu svæðið að öllu raski sé haldið í lágmarki og vandað til frágangs.“

**From:** "Óskar Örn Gunnarsson" <oskar@landmotun.is>  
**To:** "Vegagerðin" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "eftirlit@hevf.is" <eftirlit@hevf.is>  
**CC:** "elfar@vesturbyggd.is" <elfar@vesturbyggd.is>  
**Subject:** ósk um umsögn á tillögur  
**Date:** 29.6.2020 11:39:58

Góðan daginn

Óskað er eftir umsögn um meðfylgjandi skipulagstillögur sem fjalla báðar um breytingu á Örlygshafnarvegi í Vesturbyggð. Um er að ræða breytingu á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 og breytingu á deiliskipulagi Látrabjargs.

Óskar Örn Gunnarsson

Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar

## Viðhengi

image001.gif (2 KB)